

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðabyggð Heydalamelum



Dags eftirlits	7.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Fjarðabyggð	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hafnargötu 2	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	4801690779	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Íris Dögg Aradóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Marínó Stefánsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór lokunareftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar að Heydalamelum. Staðfest var við eftirlit að frágangi er ekki lokið að fullu.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór lokunareftirlit á aflögðum urðunarstað Fjarðabyggðar að Heydalamelum í Breiðdal. Starfsleyfi urðunarstaðarins féll úr gildi þann 1. júlí 2018. Lokunaráætlun var lögð fram 10. mars 2019 og fyrirmæli um frágang og vöktun voru gefin út 20. október 2020.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Staðurinn er að mestu leyti snyrtilegur og frágenginn. Nokkuð er af malarhaugum á svæðinu, sennilega uppgreftri úr gryfjum, sem mætti t.d. til frágangs á urðunarstaðnum. Neðst á urðunarstaðnum er gryfja þar sem má finna nokkuð af úrgangi, s.s. dekk, net, timbur ofl., sem þarf að fjarlægja eða urða eftir því sem við á. Dálítið af úrgangi má finna í brúnum gryfjunnar sem þarf að bæta yfirlagi á. Lokayfirlag á aflögðum urðunarstað þarf að vera nægilega þykkt til að urðaður úrgangur nái ekki upp í gegnum yfirborð.

Staðfest var að brunnar hafa verið settir niður og ætti fyrsta mæling á samsetningu grunnvatns að fara fram fyrir 1. október 2021 og síðan annað hvert ár, sbr. gr. 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun Frágangi átti að vera lokið 8. september 2020. Við eftirlit kom í ljós að frágangi urðunarstaðarins er ekki lokið. Eftir á að ganga frá gryfju neðst á urðunarstaðnum og fjarlægja annan úrgang sem þar er.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að skoða hvort nýta mætti uppgroft úr gryfjunum með því að nýta hann við frágang innan urðunarsvæðisins eða við önnur verkefni eftir því sem við á.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.11.2021



Sigríður Magnúsdóttir

